



Skýrsla lögreglustjórans á Suðurlandi um viðbrögð við tilmælum og ábendingum umboðsmannas Alþingis vegna OPCAT eftirlits

31. maí 2024



Löggreglan á Suðurlandi

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Samantekt	2
3. Almennar upplýsingar	3
4. Inngrip og valdbeiting	4
5. Aðbúnaður á löggreglustöðinni, Hörðuvöllum 1, Selfossi	6
5.1. Aðbúnaður í fangageymslu	7
5.2. Aðbúnaður starfsfólks.....	9
6. Umsjón og eftirlit með vistuðum	11
7. Skráning	12
8. Starfsfólk	13
9. Heilbrigðisþjónusta.....	15
10. Kvörtunar- og kæruleiðir.....	16
11. Lokaorð	17



Löggreglan á Suðurlandi

1. Inngangur

Lögglustjórinn á Suðurlandi vísar til heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis, dags. 30. nóvember 2023. Heimsóknin fór fram á lögglustöðinni á Selfossi dagana 4., 7. og 8. júlí 2023 á grundvelli OPCAT-eftirlits með stöðum þar sem frelsissviptir dvelja. Með skýrslunni voru settar fram ábendingar og tilmæli til embættisins sem beindust að aðstöðu, aðbúnaði og meðferð þeirra sem eru í haldi lögglunnar á Suðurlandi. Fram kom í skýrslunni að áfram verði fylgst með þróun mála og viðbrögðum lögglustjórans á Suðurlandi og ríkislögglustjóra í kjölfar skýrslunnar sem geti orðið tilefni til þess að umboðsmaður taki tiltekin atriði til frekari skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins eða frumkvæðisheimildar sinnar. Það sama eigi við um atriði er varða aðkomu dómsmálaráðherra. Óskað var eftir því að lögglustjórinn á Suðurlandi upplýsti umboðsmann um viðbrögð við þeim tilmælum og ábendingum sem settar voru fram í skýrslunni eigi síðar en 1. júní 2024. Þannig var óskað eftir því að upplýst yrði um hvort tilmælin og ábendingarnar hafi leitt til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni. Með skýrslu þessari er leitast við að verða við framangreindum óskum umboðsmanns Alþingis.

2. Samantekt

Hér er stutt samantekt yfir aðgerðir lögglustjórans á Suðurlandi sem voru viðbrögð við þeim athugasemdum sem komu fram í heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna OPCAT-eftirlits.

- Nýtt verklag um vistun handtekinna hjá embætti lögglustjórans á Suðurlandi tók gildi þann 1. janúar 2024. Það hefur verið birt og er aðgengilegt öllu starfsfólki á innri vef lögglunnar. Verklagið var jafnframt kynnt á fundum með öllum löggleumönnum og millistjórnendum í umdæminu og kallað eftir umræðum og spurningum svarað.
- Í nýju verklagi um vistun handtekinna er komið til móts við þau sjónarmið að opna fyrir einstaklingsbundið mat í hverju tilfelli við haldragningu muna þegar einstaklingar eru færðir í fangaklefa.
- Veggspjald hefur verið sett upp í fangamóttöku til að kynna myndvöktun í fangaklefum.
- Myndavél sem var óvirk og beindist að því svæði þar sem líkamsleit fer fram hefur verið fjarlægð.
- Í verklagi um vistun handtekinna er ávarpað að rof megi ekki verða á myndavélaeftirliti í varðstofu, að myndavélaeftirlit komi ekki í stað rauneftirlits og að bregðast skuli við neyðabjöllu úr fangaklefa án ástæðulauss dráttar.



Lögreglan á Suðurlandi

- Vistun og aðgangsstýring myndefnis úr eftirlitsmyndvélum er ávarpað í nýju verklagi.
- Fjallað er um efnislegan aðbúnað í nýju verklagi og hver beri ábyrgð á að hann sé til staðar.
- Stjórnendur embættisins óskuðu eftir fundi við fulltrúa dómsmálaráðuneytis vegna húsnaðismála á Selfossi til framtíðar. Fundurinn fór fram þann 3. janúar 2024. Fundinum var fylgt eftir með bréfi dags. 17. janúar 2024.
- Óskað var fundar við Framkvæmdasýsluna ríkiseignir (FSRE) vegna þeirra úrbóta sem bregðast þurfti við strax.
- Fjallað er um persónuvernd í verklagi um vistun handtekinna og að hugað sé að einkalífi handtekinna þegar þau eru færð á lögreglustöð.
- Endurskipulagning og tiltekt hefur farið fram í munageymslum, þvottahúsi og fangamóttöku.
- Fjallað er um reglubundið rauneftirlit í verklagi um vistun handtekinna og salernisferðir vistaðra.
- Eitt af yfirlýstum markmiðum með nýju verklagi er að vistun fari fram með mannúðlegum hætti og lögð var áhersla á það í kynningum á verklagi og á nýliðanámskeiði að fagmennska og nákvæmni skipti miklu máli á fangavakt.
- Í nýju verklagi eru skráningar og ábyrgð á rýni vistunarskýrslu ávarpaðar, auk munaskráningar og gerð munaskýrslu.
- Sérstök umfjöllun um mannréttindi, handtökur og vistun handtekinna hefur verið bætt við undirbúningsnámskeið sem haldið er á hverju vori hjá embættinu fyrir afleysingafólk.
- Í nýju verklagi er fjallað um heilbrigðispjónustu, sjálfsvígshættu handtekinna og hættu á sjálfsskaða og skráningar á *frávikum í fangageymslu* í LÖKE.
- Í samráði við FSRE er gert ráð fyrir breytingum á einum af núverandi fangaklefum í rými þar sem líkamsleitir, læknisskoðun, samtal við lækni o.fl. getur farið fram í næði.
- Lögreglustjóri hefur vakið athygli embættis ríkislögreglustjóra á mögulegum leiðum til að kynna kvörtunar- og kæruleiðir með kerfisbundnum hætti, með breytingum á upplýsingablaði fyrir handtekin. Lögreglustjóri hefur ekki fengið formleg viðbrögð við erindinu. Þar að auki hefur verið sett upp veggspjald með upplýsingum um nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL).

3. Almennar upplýsingar

Í heimsóknarskýrslu umboðsmanns eru raktar almennar upplýsingar um embætti lögreglustjórans á Suðurlandi, s.s. íbúafjölda í umdæminu, landssvæði og starfsstöðvar.



Löggreglan á Suðurlandi

Fjallað er um handtökur í umdæminu og að handtekin séu að jafnaði vistuð á lögreglustöðinni að Hörðuvöllum 1 á Selfossi. Fram kemur í skýrslu umboðsmanns að ekki sé útilokað að gæsluvarðhaldsfangar vistist á lögreglustöðinni og þá eftir atvikum í lengri tíma en sólarhring en þess gerist þó sjaldnast þörf.

Hvað þetta atriði varðar þá er það afar sjaldan sem þessi staða kemur upp og einskorðast það við þau tilvik þegar handtekin hafa verið leidd fyrir dómara vegna kröfu um gæsluvarðhald og í framhaldinu færð aftur í fangaklefa á meðan þess er beðið að dómarí kveði upp úrskurð. Strax í kjölfar úrskurðar um gæsluvarðhald eru viðkomandi í öllum tilfellum færð til vistunar á Hólmsheiði.

Fjallað er um það í skýrslu umboðsmanns að Lögreglustjórinn á Suðurlandi hafi sett sér verklagsreglur árið 1995 sem stuðst sé við í starfsemi fangageymslunnar en þær hafi ekki verið uppfærðar. Árið 2017 hafi lögreglustjórinn á Suðurlandi lýst því yfir í tengslum við fyrirspurn um vistun fólks í sjálfsvígshættu að endurskoðun verklagsins stæði yfir. Þeirri vinnu væri þó enn ekki lokið.

Nú hefur gerð verklags um vistun handtekinna verið lokið og tók nýtt verklag gildi þann 1. janúar 2024. Verklagið er í fylgiskjali nr. 1 með skýrslu þessari.

Verklagið var birt á innri vef embættisins þar sem allir lögreglumenn hafa aðgang að því auk þess sem það var kynnt á fundum með öllum lögreglumönnum, varðstjórum og aðalvarðstjórum hjá embættinu þar sem fram fóru umræður um verklagið. Verklagið gildir á öllum varðsvæðum embættisins en helst reynir á það á lögreglustöðinni á Höfn auk fangageymslunnar á lögreglustöðinni á Selfossi þar sem flest handtekin eru vistuð.

4. Inngrip og valdbeiting

Fram kom í skýrslu umboðsmanns að umfjöllun kaflans einskorðist við haldragningu muna í fórum vistaðra og myndvöktun í fangageymslu.

Hvað varðar **haldragningu muna** þá er rakið í heimsóknarskýrslunni að samkvæmt verklagsreglum embættisins skuli færa mann úr yfirhöfn og skóm og fjarlægja úr fórum hans muni sem geta reynst hættulegir, s.s. hálsbindi, mittisól, axlabönd, hnífa, eldspýtur, vindlingakveikjara, glös, gleraugu og lyf áður en hann er færður í fangaklefa. Í heimsókninni hafi aukinheldur komið fram að allir munir séu undantekningarlaust teknir úr fórum



Lögreglan á Suðurlandi

vistaðra á grundvelli öryggissjónarmiða en ráðist ekki að neinu leyti af mati á nauðsyn í hverju tilviki fyrir sig. Þeim tilmælum var komið á framfæri við lögreglustjórnann á Suðurlandi að gæta þess í framkvæmd við halldlagningu muna áður en handtekinn einstaklingur er færður í fangaklefa að gera ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á þörf fyrir að fjarlægja einstaka muni.

Í verklagi um vistun handtekinna sem tók gildi þann 1. janúar 2024 kemur m.a. fram í umfjöllun um öryggisleit og munaskráningu að taka skuli til varðveislu alla þá muni sem *talist geta verið ógn við öryggi* þess sem vista skal í fangaklefa. Með þessu er leitast við að opna á einstaklingsbundið mat á þörf fyrir að fjarlægja einstaka muni. Þannig er ekki skylt að fjarlægja muni sem ekki teljast ógn við öryggi þess sem vista skal í fangaklefa.

Fjallað er um **myndvöktun** í skýrslu umboðsmanns og bent er á að hafa verði í huga að stöðug myndvöktun í fangaklefa feli í sér takmörkun á friðhelgi einkalífs hins vistaða og vísað til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu, Gorlov o.fl. gegn Rússlandi, mál nr. 27057/06.

Nú hefur verið sett upp veggspjald í móttöku fangageymslu þar sem fram kemur að einstaklingar sem vistast í fangageymslu séu ávallt undir myndvöktun auk þeirra merkinga sem eru inn í fangaklefunum og gefa það sama til kynna.

Tekin var ákvörðun, að svo stöddu, um að ávarpa ekki í nýju verklagi undanþágur frá myndvöktun í fangaklefum. Hins vegar er tekið undir þau sjónarmið að vel færi á því að samræmt verklag væri unnið meðal allra lögregluembætta, enda væri óeðlilegt að handtekin þurfi að sæta ólíkri vöktun í fangaklefa, eftir því í hvaða umdæmi lögreglu handtekið fólk er vistað í fangaklefa.

Allir fangaklefarnir á lögreglustöðinni á Selfossi, alls sex talsins, eru búnir eftirlitsmyndavélu. Þar að auki var myndavél staðsett í almennu rými fangageymslunnar sem beint var að starfsmannaðstöðu. Vöktun útsendinga fer fram á skjá í varðstofu og meðan einstaklingar vistast í fangageymslu sé ávallt viðhofð myndvöktun. Fram hafi komið í heimsókn umboðsmanns að handteknum einstaklingum sé tilkynnt munnlega um myndvöktun áður en viðkomandi er færður í klefa. Merkingar í fangaklefa gefi jafnframt skýrt til kynna að þar sé viðhaft rafrænt eftirlit.



Lögreglan á Suðurlandi

Í skýrslu umboðsmanns kemur fram að það hafi vakið athygli að í starfsmannarými fangageymslunnar var myndavél sem virtist beinast að þeim hluta rýmisins þar sem líkamsleit fer fram en samkvæmt starfsfólki væri myndavélin ónothæf. Hins vegar væri ekkert sem gæfi til kynna að um óvirkan búnað væri að ræða og því geti handtekin upplifað óþægindi vegna þessa.

Myndavél sem var óvirk og beindist að því svæði þar sem líkamsleit fer fram hefur verið fjarlægð.

Í verklagi um vistun handtekinna kemur m.a. fram að fylgjast skuli með vistuðu fólk með öryggismyndavélum og að gæta skuli þess að ekki verði rof á eftirliti t.d. vegna fjarveru í varðstofu. Þá er jafnframt áréttar að myndavélaeftirlit komi ekki í stað rauneftirlits og að vitjun í fangaklefa skuli fara fram á 20 mínútna fresti eða eftir þörfum. Bregðast skuli við án ástæðulauss dráttar þegar vistað fólk hrungi neyðarbjöllu úr klefa.

Í skýrslu umboðsmanns kemur fram að sjálfvirk upptaka er á eftirlitsmyndavélum og ekki sé fyrir hendi skriflegt verklag varðandi geymslu og aðgang að efninu en samkvæmt núverandi framkvæmd er myndefni eytt sjálfkrafa eftir 90 daga nema tilefni sé til að varðveita það, s.s. vegna rannsónkar máls. Óvissa ríki að einhverju leyti um þær reglu sem gilda um ákveðin atriði er lúta að myndvöktun, s.s. um geymslu og aðgangsstýringu.

Í fyrrgreindu verklagi um vistun handtekinna kemur fram að upptökur af eftirlitsmyndavélum skuli varðveittar í 90 daga en eftir þann tíma eyðist upptökur sjálfkrafa. Þá kemur aukinheldur fram að aðgangsstýring skuli vera á upptökum. Aðeins varðstjórar, rannsóknarlöggreglumenn og hærra settir skuli hafa aðgang að upptökum.

5. Aðbúnaður á lögreglustöðinni, Hörðuvöllum 1, Selfossi

Nokkuð er fjallað um húsnæði lögreglunnar á Suðurlandi að Hörðuvöllum á Selfossi í skýrslu umboðsmanns. Bent er á að húsakosturinn taki ekki lengur með fullnægjandi hætti mið af núverandi starfsemi og umfangi.



Lögreglan á Suðurlandi

Talsverð vinna hefur verið sett af stað til að nýta sem best það húsnæði sem lögreglan hefur úr að spila að Hörðuvöllum 1 á Selfossi. Hins vegar er ljóst, og tekið undir með umboðsmanni, að húsnæðið hentar afar illa þeirri starfsemi sem nú er þar starfrækt. Fóru stjórnendur embættisins til fundar við starfsfólk dómsmálaráðuneytis þann 3. janúar 2024 til að vekja athygli á þessu. Á þeim fundi var afhent stöðuskýrsla þar sem áskoranir í starfseminni vegna húsnæðisins voru raktar. Stöðuskýrslan er fylgiskjal nr. 2 með skýrslu þessari. Þar kom m.a. fram að þrátt fyrir breytingar eða viðbætur gæti núverandi húsnæði ekki uppfyllt þær kröfur sem gera þarf til húsnæðis lögreglu og fangageymslna.

Fundinum var fylgt eftir með bréfi dags. 17. janúar 2024, sjá fylgiskjal nr. 3. Embætti lögreglustjóra hefur ekki fengið formleg viðbrögð frá ráðuneytinu við bréfinu.

5.1. Aðbúnaður í fangageymslu

Bent er á það í skýrslu umboðsmanns að í ákveðnum tilvikum getur slæmur aðbúnaður falið í sér brot gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og að fjölþjóðlegir eftirlitsaðilar hafi mælst til þess að ákveðnar grunnkröfur til aðbúnaðar séu uppfylltar.

Í nýju verklagi um vistun handtekinna er fjallað um efnislegan aðbúnað. Þar kemur m.a. fram að varðstjóri beri ábyrgð á að efnislegur aðbúnaður í fangageymslum sé fyrir hendi og að vistaðir hafi að þeim greiðan aðgang.

Fram kemur að tryggja skuli ræstingu á klefa eftir hverja notkun, að nægar birgðir af hreinum teppum sé fyrir hendi og að fólk sem vistað er skuli e.a. vera boðinn matur. Fangafatnaður stendur vistuðum til boða og tíðavörur fyrir vistaðar konur.

Fjallað er um fangaklefa í kafla 5.1.3. í heimsóknarskýrslu umboðsmanns. Þar kemur m.a. fram að fangageymslan telji 6 fangaklefa en einn þeirra, við enda gangsins, sé sjaldan notaður vegna þess að ekki er hægt ná yfirsýn yfir allan klefann inn um gluggahlera. Sömuleiðis kemur þar fram að fjölþjóðlegir eftirlitsaðilar hafi sett fram viðmið þar sem mælst er til þess að ákveðnar grunnkröfur séu uppfylltar varðandi aðbúnað í fangaklefum. Hvað varðar aðbúnað í fangageymslu lögreglunnar á Suðurlandi komi einkum til álita að klukku vanti í augsýn vistaðra, að lýsingu sé einungis hægt að stýra utan klefa, lítil dagsbirta sé í klefum, neyðarhnappar séu staðsettir fremur hátt á vegg, kalt geti orðið í klefum, lofgæðum sé á tíðum ábótavant og að frá vatnshönum í klefum renni gruggugt



Lögreglan á Suðurlandi

vatn. Eins vakti það eftirtekt starfsfólks umboðsmanns að í móttökurými fangageymslunnar mátti finna ýmsa muni sem ekki hefur verið gengið frá eða komið fyrir á tryggilegan hátt, t.d. blóðsýnahólkum og sýnatökusettum.

Í kjölfar útgáfu heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis vegna OPCAT eftirlits var óskað eftir því við Framkvæmdasýluna ríkiseignir (FSRE) að gerðar yrðu úrbætur á húsnæðinu í samræmi við athugasemdir umboðsmanns. Fylgiskjal nr. 4 með skýrslu þessari er minnisblað frá VERKÍS til FSRE vegna OPCAT skýrslu dagsett 13. desember 2023. Í minnisblaðinu eru raktar tillögur að úrbótum vegna fyrrgreindra athugasemda sem umboðsmaður gerði í heimsóknarskýrslu sinni við fangageymslur. Þær tillögur hafa verið samþykktar af FSRE.

Nýjar vatnslagnir verða leiddar í neysluvatnskrana í fangaklefum og skolkassi við salerni í fangageymslum verður skipti út. Tölvubeinir fyrir myndavélakerfi verður færður í skáp með öðrum netbúnaði og því fjarlægður úr fangageymslum. Í minnisblaði VERKÍS kemur einnig fram að ráðlegt sé að skoða bygginguna í heild sinni, ásamt utanhúss svæði, sem og aðkomu starfsfólks og fanga með persónuvernd í huga.

Þegar þessi skýrsla er rituð er staða verkefna þannig að FSRE hefur ráðið verktaka og komið í farveg breytingum á staðsetningu neyðarhnapps, breytingu á loftræstibúnaði og stýringu fyrir hita kerfi og er það í forgangi, verið er að skoða möguleika á ljósastýringu í klefum og LED lýsingum að hluta.

Búið er að mynda skolplagnir og greining á lögnum er yfirstandandi. Þegar hafa niður föll og skólp verið hreinsað og komið hefur verið fyrir einstefnulokum í gólfniður föll. Breyting á skoli við salerni er í farvegi og sömuleiðis lagningu nýrra vatnslagna í fangaklefum. Tekin hefur verið ákvörðun um að breyta fangaklefa sem er staðsettur innst á gangi fangageymslu í vinnuaðstöðu í tengslum við leit og heilbrigðisþjónustu.

Sorpflokkun var komið haganlega fyrir og komið fyrir almennri sorptunnu með loki. Tiltekt og endurskipulagning í þvottahúsi fangageymslunnar hefur farið fram. Ónothæfur talstöðvarskápur í fangageymslu hefur verið fjarlægður og í hans stað hefur verið settur inn lokaður skápur sem inniheldur m.a. efnislegan aðbúnað, blóðsýnaglöð, neyðartösku o.fl.



Lögreglan á Suðurlandi

5.2. Aðbúnaður starfsfólks

Í heimsóknarskýrslu umboðsmanns kemur fram að það hafi vakið sérstaka athygli starfsfólks umboðsmanns hve þróngt væri um starfsemina og beri aðstaða til funda og þeirra lögreglustarfa sem t.d. felast í skráningu þess sérstaklega merki. Þá hafi verið ljóst að uppsöfnun muna og skjala í ýmsum rýmum stöðvarinnar vegna plássleysis sé farin að hafa töluverð áhrif á mögulega nýtingu húsrymisisins.

Í fyrrgreindu minnisblaði frá VERKÍS til FSRE er ráðlagt að innanhúss verði farið í frekari úrbætur vegna aðbúnaðs starfsfólks, hljóðvist í kringum skrifstofurými og önnur vinnurými til að tryggja að hljóð berist ekki á milli rýma. Í minnisblaðinu kemur fram að ljóst sé að þróngt er um starfsemina og að sjálf byggingin og starfsemi lögreglunnar er komin að tímamótum þar sem huga verður að frekari úrbótum til að tryggja núverandi og komandi starfsemi.

Unnið er að hönnun á nýju vinnusvæði fyrir rannsóknardeildir og ákærusvið. Þar er gert ráð fyrir stækkun á rýminu en sýslumaðurinn á Suðurlandi, sem er með starfsemi sína í sama húsnæði, mun láta lögreglunni eftir skrifstofurými. Lítil geymsla við rannsókn og ákærusvið verður nýtt sem prentrými fyrir allt starfsfólk lögreglustöðvarinnar. Hönnunarvinna stendur einnig yfir sem felur í sér tilfærslu búningsaðstöðu yfir í svokallað æfingarárými en umrætt rými er ekkert notað til æfinga. Fyrirhugað er að nýta það rými sem núverandi búningsaðstaða lögreglumanna er í sem vinnurými en skort hefur á vinnurými við rannsókn mála t.d. þar sem halldagning muna hefur farið fram. Teikningar af þessum breytingum eru fylgiskjöl með skýrslu þessari nr. 5, 6 og 7.

Málningarvinna er að hefjast fyrstu hæð og unnið hefur verið við uppsetningu LED lýsingar, almennar viðgerðir á vinnurými varðstjóra og aðalvarstjóra og nýr skrifstofubúnaður hefur verið settur á skrifstofur þeirra.

Þá hefur verið kortlögð vinna sem þarf að fara fram utanhúss, t.d. lagfæringar á útiþurðum, þakrennum og gluggum. Verið er að skoða möguleika fyrir tengingar á fleiri hleðslustöðvum fyrir rafþíla, bæði fyrir lögreglubíla og bíla starfsfólks. Þá er skipulag á bílastæðum í skoðun hjá FSRE.

Vonir standa til þess að með þessum aðgerðum verði hægt að nýta betur það húsrymi sem er til staðar í lögreglustöðinni að Hörðuvöllum á Selfossi. Þessar aðgerðir breyta þó ekki þeirri afstöðu lögreglustjórans á Suðurlandi að starfsemina þurfi að flytja í húsnæði sem uppfyllir nútímkörfur sem gerðar eru til aðbúnaðs starfsfólks og aðbúnaðs húsnæðis þar sem frelsissviptir dvelja.



Lögreglan á Suðurlandi

Nefnt er í skýrslu umboðsmanns að lögreglustöðin er ekki afgirt og staðsetning hennar er innan um íbúðarhús og bílastæði veldur því að næurstaddir geta fylgst með handteknu fólk í námunda við lögreglustöðina.

Í fyrrgreindri stöðuskýrslu lögreglustjórans á Suðurlandi sem afhent var í dómsmálaráðuneyti var m.a. vakn athygli á því að húsnæðið er í íbúðabyggð og ekki afgirt.

Fjallað er um persónuvernd í verklagi um vistun handtekinna og minnt á að gæta þurfi að einkalífi handtekinna við flutning í fangageymslu, lausn úr fangageymslu og á meðan vistun stendur. Flutningur í fangageymslu skuli ávallt vera í gegnum bílageymslu og gæta skal þess að ekki sé farið með handtekið fólk um lögreglustöð þar sem annað fólk sem sinnir erindum sínum gæti hist fyrir.

Skjár fyrir myndavélaeftirlit hjá varðstjóra verður færður til að koma í veg fyrir að sjáist á hann inn um glugga.

Umboðsmaður vekur athygli á því í heimsóknarskýrslu sinni að núverandi staðsetning skýrslutökuherbergis sé ekki ákjósanleg m.t.t. öryggis starfsfólks og hins handtekna og geti hún jafnvel verið hinum handtekna til ama.

Tekið er undir þau sjónarmið sem umboðsmaður færir fram en ekki verður séð að unnt verði að bregðast við þessari athugasemd með úrbótum á staðsetningu skýrslutökuherbergis í núverandi húsnæði.

Fram kemur í heimsóknarskýrslu umboðsmanns að framkvæmdin sé almennt sú að komið er með handtekinn einstakling á lögreglustöðina í bifreið sem ekið er inn í bílskúr. Bílskúrinn sé hins vegar einnig nýttur sem geymsla, t.a.m. fyrir handverkfæri sem tyllt hefur verið á snaga á vegg. Umboðsmaður bendir á að staðsetning verkfæranna og umbúnaður hljóti að teljast óheppilegur m.t.t. öryggis stafsfólks og hins handtekna.

Farið hefur fram tiltekt og endurskipulagning á geymslurýmum bílageymslunnar á lögreglustöðinni á Hörðuvöllum.



Lögreglan á Suðurlandi

6. Umsjón og eftirlit með vistuðum

Fjallað var í skýrslu umboðsmanns um að samkvæmt starfsfólki fari innlit til vistaðra ekki fram með reglubundnum hætti, líkt og kveðið er á um í eldri verklagsreglum embættisins, heldur sé í meira mæli notast við myndvöktun við eftirlitið. Þannig sé litið til fanga ef tilefni sé til, t.d. ef myndavélaeftirlit sýnir að fangi hafi legið hreyfingalaus í einhvern tíma. Þá hafi ekki komið fram af hálfu starfsfólks að fram færí einstaklingsbundið mat á þörf á innliti og að á meðan heimsókn umboðmanns stóð hafi í einu tilfelli meira en 30 mínútur liðið frá því að hljóðmerki barst og þar til viðkomandi var sinnt. Starfsfólk hafi afskipti af vistuðum við fleiri tilefni en vegna eftirlits, t.d. vegna skýrlutöku þá hafi starfsfólk upplýst í heimsókn umboðsmanns að almennt væri farið eftir því verklagi að bjóða vistuðum mat þegar þeir vakni á morgnana. Þurfi vistaður að komast á salerni, þarfni matar eða drykkjar eða aðstoðar að öðru leyti geti viðkomandi hringt bjöllu í klefa.

Reglubundið eftirlit með vistuðum er ávarpað í verklagi um vistun handtekinna. Þar er jafnframt áréttáð að myndavélaeftirlit komi ekki í stað rauneftirlits og að vitjun skuli fara fram í fangaklefa á 20 mínútna fresti eða eftir þörfum. Bregðast skuli við án ástæðulauss dráttar þegar vistað fólk hringir neyðarbjöllu úr klefa. Þá kemur fram í verklaginu að fólk sem vistað er í fangageymslu skuli e.a. boðinn matur. Tveir lögreglumenn skuli fylgja vistuðum til og frá hreinlætisaðstöðu og öryggi skuli vera í fyrirrúmi. Sé vistað fólk órólegt eða sýnir af sé ógnandi hegðun er heimilt samkvæmt nýju verklagi að bíða með salernisferðir á meðan það ástand varir en að óheimilt sé að neita um salernisferðir nema af öryggisástæðum. Til dæmis sé óheimilt að hafna salernisferð af þeirri ástæðu að vistað fólk neiti að segja til nafns.

Í skýrslu umboðsmanns er farið yfir það að varðstjóri beri ábyrgð á innsetningu og gæslu þeirra sem vistast í fangageymslu og að meðal verkefna varðstjóra sé að sinna viðveru í vaktherbergi vegna myndavélaeftirlits. Á meðan heimsókn starfsmanna umboðsmanns stóð hafi aðstæður verið þannig að álag hafi verið mikið og varðstjóri hafi þurft að huga að fleiri verkefnum og hafi stuttlega yfirgefið vaktherbergið í nokkur skipti á meðan vaktinni stóð. Enginn hafi leyst varðstjóra af við að sinna myndavélaeftirliti.

Áður hefur verið rakið að í verklagi um vistun handtekinna kemur fram að fylgjast skuli með vistuðu fólk með öryggismyndavélum og gæta skuli þess að ekki verði rof á eftirliti t.d. vegna fjarveru í varðstofu.



Lögreglan á Suðurlandi

Fjallað er í skýrslu umboðsmanns um að af viðtölum við starfsfólk megi ráða að viðhorf starfsfólks í garð þess verkefnis að sinna gæslu handtekinna virðist almennt ekki vera jákvætt. Bent er á mikilvægi þess að þessu verkefni sé sinnt af natni og umtal um þá á starfsstöð einkennist af manngæsku og virðingu. Það komi í hlut stjórnenda að fara fram með góðu fordæmi í þeim eftum.

Eitt af yfirlýstum markmiðum með nýju verklagi er að vistun fari fram með mannúðlegum hætti. Á fundum stjórnenda með lögreglumönnum, varðstjórum og aðalvarðstjórum, þegar verklagið var kynnt, var m.a. rætt mikilvægi þess að fagmennska væri höfð að leiðarljósi, vandað væri til verka þegar vistun handtekinna stæði yfir og að skráning væri nákvæm. Slíkir fundir burfa að fara fram með reglubundnum hætti.

7. Skráning

Rakið er í skýrslu umboðsmanns að í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl. segir að rituð skuli vistunarskýrsla um vistun sérhvers manns í fangageymslu lögreglu. Sömuleiðis er þar talið upp hvaða upplýsingar skuli koma fram í vistunarskýrslu samkvæmt reglugerðinni. Fjallað er um að CPT-nefndin hafi áréttæð að réttaröryggi handtekinna einstaklinga aukist til muna séu atriði sem snúa að vistuninni skráð á ítarlegan hátt. Í tengslum við undirbúning heimsóknarinnar hafi umboðsmaður óskað eftir afritum af vistunarskýrslum á tveggja vikna tímabili vorið 2023 og í kjölfar heimsóknarinnar óskaði umboðsmaður eftir að fá afrit af síðustu 10 vistunarskýrslum auk annarra skráninga, s.s. í lögreglukerfi (LÖKE). Alls hafi umboðsmanni borist afrit af 33 skýrslum en 17 þeirra hafi fylgt dagbókarskráningar sem höfðu verið færða í LÖKE.

Af þessum skýrslum mætti ráða að munir sem teknir eru úr fórum handtekinna séu hvorki skráðir í munaskýrslu né í vistunarskýrslu. Starfsfólk hafi upplýst að venjan væri sú að búkmyndavélum lögreglumanna væri beint að mununum áður en þeim væri komið fyrir í læstum skáp en umboðsmaður áréttæði í skýrslu sinni að slík framkvæmd leysti lögreglumenn ekki undan þeirri skyldu að skrásetja muni.

Í níu skýrslum hafi vantað skráningu um hvort hinn handteknin bæri sýnilega áverka. Ekki væri unnt að álykta sem svo að vontun á skráningu mætti túlka þannig að viðkomandi bæri enga sýnilega áverka þar sem í sumum skýrslum hafi sérstaklega verið skráð að sýnilegum áverkum væri ekki til að dreifa. Dæmi hafi verið um skýrslu þar sem tekið var fram að á hinum vistaða sæjust meiriháttar áverkar en ekki kom fram hvort hann hafi hlotið heilbrigðisþjónustu vegna áverkanna.



Lögreglan á Suðurlandi

Skráning atriða sem tengjast vistun einstaklings hafi ekki verið skráð í hlutann „dagbók vistunar“ heldur virtist vera tilhneiting til þess að skrá upplýsingar af þessu tagi í LÖKE í stað vistunarskýrslu.

Samkvæmt nýju verklagi um vistun handtekinna kemur m.a. fram að varðstjóri skuli rýna vistunaskýrslu og beri ábyrgð á að vistunarskýrsla sé skráð í fullu samræmi við ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl. og að vistunarskýrslan sé útþrentuð.

Þá kemur fram í verklagi um vistun handtekinna að taka skuli til varðveislu alla þá muni sem talist geta verið ógn við öryggi þess sem vista skal í fangaklefa. Skrá beri alla þá muni sem teknir eru til varðveislu í munaskýrslu og í handtökuhluta LÖKE þar sem einnig skal getið um afhendingu muna í lok vistunar.

Munaskýrsla skuli undirrituð af viðkomandi þegar munum er veitt viðtaka og gera skuli grein fyrir því í munaskýrslu ef undirritun er neitað og hver ástæðan er. Gerður er greinamunur á persónulegum munum og haldlögðum munum í verklagi.

8. Starfsfólk

Í skýrslu umboðsmanns er fjallað um fyrirkomulag lögreglunáms og símenntunar. Þátttaka á námskeiðum mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar sé ólaunuð og ekki hluti af vinnuskyldu lögreglumanna. Starfsfólk lögreglunnar á Suðurlandi hafi upplýst að fyrirkomulagið væri til þess fallið að draga úr hvata starfsfólk til þess að sækja sér sí- og endurmenntun. Það komi í hlut lögreglustjóra að tryggja að lögreglumenn viðhaldi þekkingu á reglum um valdbeitingu lögreglumanna og fái nauðsynlega viðhalðsbjálfun í beitingu vopna sem lögreglu er heimilt að nota. Að sögn þjálfara embættisins hafi markmið um sex handtökuæfingar á ári og fimm æfingar í beitingu skotvopna sjaldan verið náð m.a. vegna þess að þjálfun er ekki hluti af starfsskyldum lögreglumanna skv. kjara- og ráðingasamningum.



Lögreglan á Suðurlandi

Einhvers misskilnings virðist gæta hvað varðar að þátttaka á námskeiðum hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar sé ólaunuð. Starfandi lögreglumenn hjá lögreglunni á Suðurlandi sem sækja námskeið hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar gera það í vinnutíma sínum og fá greidd laun í samræmi við það. Embættið hefur það að leiðarljósi að hvetja starfsfólk til að sækja sí- og endurmenntun til starfsþróunarsetursins og hefur þátttaka verið mjög góð. Öll þjálfun lögreglumanna er lýtur að handtökum og beitingu skotvopna fer fram á vinnutíma þeirra og er hluti af starfsskyldum lögreglumanna.

Embættið tók í mars 2024 upp nýtt vakterfi sem vonir standa til að geti gefið færri á að skipuleggja fasta þjálfunardaga í hverjum mánuði. Með því móti verði hægt að tryggja að markmiðum um þjálfun af þessu tagi verði náð.

Fram kemur í skýrslu umboðsmanns að stór hluti starfsliðsins séu lögreglumenn í afleysingum en þeir ljúki vikulöngu undirbúningsnámskeiði áður en þeir hefja störf. Um sé að ræða grunnþjálfun og ekki sé vikið sérstaklega að gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.

Á undirbúningsnámskeiði því sem umboðsmaður vísar til, og er á vegum embættis lögreglustjórans á Suðurlandi, hefur valdbeiting verið kennd sérstaklega, bæði bókleg og verkleg kennsla auk réttarfars og fyrstu hjálpar. Þá hefur verið bætt við námskeiðið umfjöllun um vistun handtekinna og fjallað sérstaklega um nýtt verklag, skyldur lögreglumanna í þeim efnum og stuttlega vikið að mannréttindum í þessu samhengi. Öll sem hefja störf sem nýliðar að vori þurfa að sækja námskeiðið, auk þeirra sitja námskeiðið, starfsfólk sem hefur hafið störf eftir að síðasta námskeiði lauk. Tekið er fram að undirbúningsnámskeið er á vinnutíma og seta á námskeiðinu er launuð.

Fjallað er um starfsanda í skýrslu umboðsmanns, stuðning við starfsfólk, öryggi starfsfólks og húsnaðismál en fram kemur að starfsandi virtist góður þrátt fyrir erfiðar vinnuaðstæður vegna húsnaðisþrengsla.

Nýverið hafa fleiri lögreglumenn tekið námskeið í félagastuðningi og eru þeir nú 14 talsins hjá embættinu öllu. Almennar upplýsingar um félagastuðning, viðrunarfundi í kjölfar streituvekjandi atvika og sálfræðibjónustu sem standa starfsfólk i lögreglu til boða að kostnaðarlausu, hafa verið gerðar aðgengilegar á innri vef embættisins. Nánar vísast til umfjöllunar í 5. kafla um aðbúnað starfsfólks en þar er einnig fjallað um húsnaðismál.



Lögreglan á Suðurlandi

9. Heilbrigðisþjónusta

Fjallað er um læknisaðstoð fyrir handtekin í skýrslu umboðsmanns og að komi til þess að frávik verði í heilsufari einstaklings á meðan dvöl í fangageymslu stendur geti reynst nauðsynlegt að meta hvort um sé að ræða bryna þörf fyrir læknisaðstoð. Í eldri verklagsreglum embættisins hafi hvorki komið fram hver beri ábyrgð á mati á ástandi handtekina né hvernig bregðast skuli við sjálfsvígs- eða sjálfsskaðahættu.

Starfsmenn upplýstu umboðsmann um að eftir að mat þeirra á ástandi hins vistaða fer fram sé tekin ákvörðun um að kalla eftir aðstoð heilbrigðisstarfsmanns og að almennt sé leitað ráðlegginga heilbrigðisstarfsmanns í vafatilvikum.

Varðstjóri ber ábyrgð á því, samkvæmt nýju verklagi um vistun handtekina, að taka ákvörðun um vistun í fangaklefa, tryggja að fyllsta öryggis sé gætt á meðan vistun stendur og að viðeigandi heilbrigðisþjónusta sé veitt ef á þarf að halda. Við mat varðstjóra skal horft til ástands fólks sem vistað er í fangageymslu m.a. meðvitundarstigs, geðrofs eða sjálfsvígshættu og hvort viðkomandi þurfi á læknisaðstoð að halda. Sé nauðsynlegt að vista mann í sjálfsvígshættu skal kalla eftir heilbrigðisstarfsmanni til þess að meta ástand viðkomandi og kalla til lækni ef þörf er talin á því. Að öðrum kosti skal flytja fólk til heilbrigðisstofnunar til meðhöndlunar.

Rétt er að taka hér fram að iðulega taka heilbrigðisstofnanir ekki við fólk eftir það er undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Er þá enginn annar valkostur til að tryggja öryggi fólks sem talið er í sjálfsvígs- eða sjálfsskaðahættu en að vista viðkomandi í fangaklefa. Það er bagaleg aðstaða og ekki ráðstöfun sem er til þess fallandi að auka líkur á bata eða fela í sér þá aðstoð sem þörf er á að veita.

Sérstaklega er fjallað um skráningu fráviksbátta í verklagi um vistun handtekina. Þar kemur m.a. fram að vakta skuli fráviksbætti vistaðra, s.s. geðræn einkenni, sjálfsvígstilraunir og vistun barna. Slík frávik skuli skráð undir málseininguna „frávik í fangageymslu“ í LÖKE þannig að unnt sé að sækja tölfraðiupplýsingar með einföldum hætti úr svokölluðu *Mælaborði*. Skal sú skráning vera til viðbótar skráningu upplýsinga í vistunarskýrslu.



Lögreglan á Suðurlandi

Fram kemur í skýrslu umboðsmanns að ekki sé sérstaklega tryggð aðstaða þar sem skoðun og/eða samtal við heilbrigðisstarfsmann getur farið fram í næði.

Í fangageymslum lögreglunnar að Hörðuvöllum 1 á Selfossi eru sex fangaklefar. Núna hefur verið tekin ákvörðun í samráði við FSRE að einum fangaklefanna, sem staðsettur er innst á ganginum, verði breytt í herbergi fyrir líkamsleitir, ljósmyndun og læknisskoðanir á handteknum. Um leið verður til rými þar sem læknir getur rætt við handtekna í næði.

10. Kvörtunar- og kæruleiðir

Umboðsmaður fékk þær upplýsingar frá lögreglustjóranum á Suðurlandi að ekki væri venja að kynna fólkI sérstaklega kvörtunar- og kæruleiðir vegna vistunar þegar það væri látið laust. Hins vegar bendi lögreglumenn á nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) lýsi handtekinn yfir vilja sínum til þess að kvarta undan einhverju sem tengist vistun í fangaklefa eða störfum lögreglu.

Vakin var athygli á þeim möguleika við embætti ríkislögreglustjóra að upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir væru kynntar kerfisbundið á upplýsingblaði fyrir handtekin. Var það gert með tölvupósti þann 23. nóvember 2023 og var erindið ítrekað þann 6. maí 2024.

Sett var upp upplýsingaskylti á vegg fangamóttöku með áletruninni:

**Hægt er að beina tilkynningum frá borgurum sem
varða ætlaða refsiverða háttsemi lögreglu,
starfsaðferðir eða framkomu starfsmanns lögreglu til
nefndar um eftirlit með lögreglu (NEL)**

Nánari upplýsingar á www.nel.is



Löggreglan á Suðurlandi

11. Lokaorð

Löggreglustjórinn á Suðurlandi þakkar gagnlegar ábendingar sem fram komu í heimsóknarsýslu umboðsmanns Alþingis. Eftir útgáfu skýrslunnar var strax hafist handa við að vinna að úrbótum í innri starfsemi embættisins og leitað til eiganda húsnæðisins, Framkvæmdasýslunnar ríkiseigna og dómsmálaráðuneytis, til að ræða úrbætur í húsnæðismálum.

Leitast hefur verið við að mæta ábendingum og tilmælum umboðsmanns eftir fremsta megni. Það er hins vegar ljóst að takmörk eru fyrir því hversu langt embættið getur gengið til að koma að fullu til móts við ábendingar og tilmæli sem snúa beint að húsnæðinu sjálfu að Hörðuvöllum 1 á Selfossi.

Ef frekari upplýsinga er þörf er umboðsmaður hvattur til að leita eftir þeim hjá embætti löggreglustjórans á Suðurlandi.

Grímur Hergeirsson

löggreglustjóri



Undirritað af:
Grimur Hergeirsson
0406693619
Dags: 31.05.2024
Tími: 12:44:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 24ea2cfb-54e9-40fe-b7c1-56c2e611117a